

25. september 2024

PON24090079

Tillaga um opna vefþjónustu (API aðgang) fyrir fundargerðir Reykjavíkurborgar

Lagt er til að opna vefþjónustu (API aðgang) fyrir fundargerðir Reykjavíkurborgar, sem gerir tölvukerfum og notendum kleift að nálgast fundargerðir með sjálfvirkum hætti. Tilgangur þessa er að auka aðgengi að opinberum gögnum, stuðla að auknu gagnsæi í stjórnsýslu og auðvelda notendum að vinna með og nýta gögnin í eigin verkefnum.

Því er lagt til að farið verði í nauðsynlegar aðgerðir til að útfæra og innleiða opinn API aðgang að fundargerðum Reykjavíkurborgar, með það að markmiði að hann verði tekinn í notkun eigi síðar en 1. febrúar 2025.

Greinargerð:

Nú er verið að ljúka við þróun nýrrar leitar í fundargerðum með það að markmiði að einfalda viðmót og skýra framsetningu. Leitin mun leiða notendur beint að þeim hluta fundargerðar sem leitarniðurstaða vísar til, og notendum verður einnig gert kleift að sjá yfirlit yfir alla dagskrárliði hvers fundar í leitarniðurstöðum, sem auðveldar skönnun á fundarefni. Þessi þróunarvinna hefur krafist umfangsmikilla breytinga á gagnauppsætningu, sem mun opna á enn frekari tækifæri til að bæta aðgengi að upplýsingum.

Gagnsæi og gott aðgengi að upplýsingum eru lykilatriði í lýðræðislegri stjórnsýslu. Með því að opna fyrir API-aðgang að fundargerðum Reykjavíkurborgar er almenningi gefinn betri kostur á að fylgjast með ákvörðunum og starfsemi borgarinnar, sem gerir kleift að greina og móta gögn á eigin forsendum.

API-aðgangur getur einnig stutt við nýsköpun og þróun nýrra lausna þar sem hagsmunaaðilar geta þróað forrit, öpp og kerfi byggð á þessum gögnum. Slíkar lausnir munu leiða til betri þjónustu við borgarbúa, bættrar upplýsingamiðlunar og aukins samstarfs milli Reykjavíkurborgar og annarra aðila, auk þess að stuðla að auknu trausti á stjórnkerfinu.